


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti EFM 302 Kennsluáætlun Haust 2011	

Kennarar	Bragi Finnbogason og Stefán Bjarnhéðinsson	Sk.st.	BFI og SBH
-----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Að áfanganum loknum eiga nemendur að kunna skil á plastefnum; helstu tegundum, eiginleikum þeirra og notkunarviðum, einkum í tengslum við málm, véltækni- og framleiðsluiðnað. Þeir eiga að hafa yfirsýn yfir innlandan plastiðnað; fyrirtæki, framleiðsluvörur þeirra og þjónustu, framleiðsluaðferðir og ferli ásamt uppbyggingu iðngreinarinnar. Nemendur skulu kunna skil á eir og eirmelum, efniseiginleikum og notkunarviði.

Markmið:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að þekkja: Algengustu nöfn plastefna og skýringar á þeim, helstu tegundir plasts og eiginleika þeirra, helstu notkunarvið plasts, hvað ber að varast við notkun plasts og meginatriði varðandi endurvinnslu á plasti.

Helstu staðla um plast, reglugerðir um notkun plasts á sérsviðum (t.d. í vélbúnaði fyrir matvælaíðnað). Mismunandi eiginleika stáls, álmelma, eirmelma og ryðfríra efna svo sem helstu afbrigði eirmelma, kosti þeirra og galla. Notkunarvið eirmálma (legur, fóðringar, skipsskrúfur, lagnir. Veðrunarþol húsaklæðninga og tæringarþol lagnaefna.

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að geta: Sagt til um kosti og galla plastefna, valið milli málma og plastefna, sagt til um kosti og galla áls, eirs og ryðfrís stáls.

Námsgögn:

Smíðamálmar Eftir Pétur Sigurðsson

Plast eftir Páll Árnason þriðja útgáfa; ágúst 2007

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 50%. Verkefni 40%. Ástundun 10%.

Annað:

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils